

Nd. 55. Frumvarp til laga

um breyting á lagaákvæðum um verðtolla.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Fyrirmælin í lagaákvæðunum um verðtoll um það, að stimpla skuli innkaupsreikninga með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75 27. júní 1921, eru úr gildi numin. Innheimtulaun af verðtollum skulu þó vera sem áður.

Fjármálaráðherra skipar fyrir um kvittun fyrir verðtollum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Að tilhlutun fjármálaráðuneytisins voru gefin út bráðabirgðalög 4. jan. s.l. samhljóða frv. þessu, en greinargerð þessara bráðabirgðalaga var sem hér segir:

„Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna þess að póstmálastjórnin hafi talið það aðkallandi að hætta að kvitta fyrir tollgjöldum af póstsendingum með frimerkjum, hafi þegar verið notuð heimild tolllaga til að breyta um kvittunaraðferð, en af því hefir leitt, að tvennskonar kvittunaraðferð hefir skapast í tollheimtunni, en þar sem það getur verið hættulegt hagsmunum ríkissjóðs og þetta verður ekki samræmt nema í byrjun reikningsárs í tollheimtunni, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.“

Með tilvísun til 23. gr. stjórnarskrárinnar er þetta frumvarp lagt fyrir reglulegt Alþingi 1939 til þess að ákvæði bráðabirgðalaganna haldi gildi sínu.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar fyrir bráðabirgðalögum, sem fyrr getur.